


DEILISKIPULAG KÁRSNESSTÍGS UM SUNNANVERT KÁRSNES

SKIPULAGSUPPDRÁTTUR

1 af 2 skipulagsuppráttum



Greinargerð

Viðfangsefni og áherslur

Viðfangsefni þessa deiliskipulags er endurbætur á Kársnesstíg á sunnanverðu Kársnesi, með áherslu á að bæta aðgengi og öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda. Í því samhengi er lagt til að komið verði fyrir aðgreindum hjólastíg sem stuðlar að skyrari aðgreiningu ferðamáta og eykur öryggi allra vegfarenda. Skipulagssvæðið nær yfir Kársnesstíg og nærliggjandi svæði á milli Bakkabrautar 2 og Urðarbrautar og er í samræmi við stefnu og markmið aðalskipulags Kópavogs 2019 – 2040.

Skipulagstillagan er sett fram á tveimur uppráttum ásamt greinargerð þessari.

Skipulagssvæðið og núverandi ástand

Skipulagssvæðið tekur til Kársnesstígar á suðurhluta Kársnesi og nærsvæði hans frá syðsta hluta Bakkabrautar til Urðarbrautar meðfram strandlengjunni. Skipulagssvæðið afmarkast af lóðarmörkum byggðar við Sunnubraut og Þinghólsbraut og er um 1 kílómetri að lengd.

Á svæðinu er útivistarstígur, græn svæði og áningarstaðir tengdum stígnum. Við Sunnubraut 58 er dælustöð fráveitu og vestan við Sunnubraut 47 er gamalt bátaskýli. Lagnir eru í eða við göngustíginn eftir allri strandlengjunni. Við fjörmörk milli Þinghólsbrautar 61 og austur að Sunnubraut 20 er grjótgærdur neðan við göngustíginn. Grjótgærdurinn fylgir að mestu náttúrulegum fjörmörkum en ofan hans hefur land verið jafnað með óverulegum landfyllingum.

Forsendur, samhengi og markmið

Kársnesstigur er skilgreindur sem hluti af stofnleið hjóleiða á höfuðborgarsvæðinu. Stofnstigar tengja saman sveitarfélög, innviði þeirra og atvinnusvæði. Stofnstígakerfi hjóleiða á að vera aðlaðandi, auðratað, auðskilið, greiðfært og öruggt. Skilgreining og uppbygging stofnstíganets höfuðborgarsvæðisins er hluti af samgöngusáttmála ríkisins og sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins. Með tilkomu Fossvogsbrúar og uppbyggingu íbúða á vestanverðu Kársnesi eykst vægi núverandi göngustígs hvað varðar samgöngur og útivist og má gera ráð fyrir að umferð um stíginn muni aukast umtalsvert. Lögð er til tvöföldun núverandi Kársnesstígs þar sem umferð gangandi vegfarenda og hjólandi er aðskilin.

Umhverfi og staðhættir

Í gildandi aðalskipulagi Kópavogs er skipulagssvæðið skilgreint sem opið svæði og núverandi stígur er sýndur á uppdrætti og merktur sem hjóla- og/eða göngustígur. Hluti deiliskipulagssvæðisins er innan fríðlysts svæðis, FS-2 Skerjafjörður sem nær frá Balatjörn á sunnanverðu Álftanesi að Gróttu á Seltjarnarnesi og svæði með hverfisvernd, HV-2 -túnið sunnan við Kópavogsbæinn. Einnig er Sólbyrgi hverfisverndað svæði, HV-24 sem er hlaðið mannvirkri neðan Þinghólsbraut 65. Við Kársnesstíg, við vesturenda Sunnubrautar, er Kársnesveita sem tryggja þarf aðkomu bíla að um hjólastíg. Við alla hönnun og framkvæmdir við stíginn þarf að taka tillit til hverfisverndað svæði og fríðlyst svæðis í Skerjafirðinum.

Kynning og samráð

Haft verður samráð við þá aðila sem fjalla um eða fara með þá málaflokka sem skipulagið nær til og kveðið er á um í lögum. Í skipulagsferlinu verður sérstakt samráð haft við lóðarhafa aðliggjandi lóða við Sunnubraut og Þinghólsbraut. Greinargerð þessi er á vinnslustigi sem og skipulags- og skýringaruppdrættir. Vinnslutillagan verður kynnt sérstaklega, skv. 3. mgr. 40 gr skipulagslaga nr. 123/2010. Fyrirkomulag lóðarmarka verða ákveðin nánar í samráðsferli við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Tengsl við aðrar áætlanir

Svæðisskipulag Höfuðborgarsvæðisins: Í svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðisins eru skilvirkar samgöngur tilgreindar sem leiðarljós 2. Þar segir að stofnleiðir vega, almenningssamgangna, göngu og hjóleiða myndi heildstæð kerfi sem tengja sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu vel saman. Í markmiðum leiðarljóss 2 er stefnt að hluteiðild göngu- og hjóleiða í öllum ferðum innan svæðisins árið 2040 verði a.m.k. 30%. Könnun var gerð árið 2011 og þá fóru íbúar um 20% ferða sinna gangandi eða hjólandi. Svo að markmið 2.3 náli fram að ganga vinna sveitarfélögin að eftirfarandi aðgerðum:

- Innleiða helstu göngu- og hjólaleiðir inn í aðalskipulagsáætlanir og útfæra þær nánar ásamt innri göngu- og hjólaleiðum sveitarfélaganna sem eiga að mynda heildstætt kerfi.
- Tryggja að skilgreindu hjónustustigi á helstu göngu- og hjólaleiðum verði náð.
- Tryggja góðar göngu- og hjólaleiðir að/ frá megin stoppstöðvum almenningssamgangna.

Sveitarfélögin vinna einnig að því að grunnkerfi almenningssamgangna og hjóleiða fái sambærilega stöðu og stofnvegakerfið.

Samgöngusáttmálinn: Samgöngusáttmála ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu felur í sér sameiginlega framtíðarsýn og heildarhugsun um fjölbreyttar samgöngur. Markmiðið er að auka öryggi, bæta samgöngur fyrir alla ferðamáta og minnka tafir, stöðfella almenningssamgöngur og draga úr mengun af völdum svifryks og losun gróðurhúsalofttegunda til að standa við loftslagsmarkmið stjórnvalda og sveitarfélaga. Styttri ferðatími, minni tafir, aukid umferðaröryggi, áhersla á að draga úr kolefnisspori, stórbættar almenningssamgöngur, fjölgun hjóla- og göngustíga og uppbygging stofnvega eru kjarninn í uppfærðum samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins sem undirritaður var 21. ágúst 2024.

Uppbyggingarverkefnum hefur verið forgangsraðað í samráði sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðarinnar en þar er sá hluti Kársnesstígsins sem fellur undir deiliskipulag þetta í fyrsta forgangi.

Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040: Deiliskipulagstillaga þessi er í samræmi við meiginmarkmið aðalskipulags um grunnkerfi bæjarins, þar sem stefn er að því að byggja upp gott, öflugt og öruggt þjónustukerfi sem taki mið af sjálfbærri þróun. Samgöngur verði öruggar og greiðfærar, efla skal notkun vistvænni samgöngumáta, tryggja öryggi allra vegfarenda óháð ferðamáta og leggja áherslu á breytar ferðavenjur. Lega stígsins er sýnd á aðalskipulagsupprætti um land sem skilgreint er sem opið svæði, þ.e. svæði fyrir útivist, aðalega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennti útivist tilheyrir s.s. stígum, áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar. Tvö hverfisvernduð svæði eru innan skipulagsmarka. Allar megin forsendur deiliskipulagsins liggja fyrir í aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 með áörðnum breytingum. Eftir skipulagssvæðinu endilöngu er sýnd göngu- og/eða hjólaleið á aðalskipulagsupprætti og nánar fjallað um staðsetningu stofnstígakerfis á bls. 118.


Deiliskipulag á aðliggjandi svæðum: Til vesturs er deiliskipulag Kársneshafnar sem var samþykkt 19.03.1990. Breytingar hafa verið gerðar á skipulaginu en það er hluti af þróunarsvæði Kársnes þar sem áhersla er lögð á uppbyggingu og þéttingu byggðar, þar með ströndinni er kvæð um göngu- og hjólastíg/stofnstíg höfuðborgarsvæðisins. Til austurs er deiliskipulag Kópavogstúns (samþykkt 08.11.2005) og þar er gert ráð fyrir göngustíg með ströndinni. Ekki er til deiliskipulag fyrir lóðirnar norðan stígsins.

SKIPULAGSSKÝRINGAR

- deiliskipulagsmörk
- göngustígur
- hjólastígur
akreinaskipur
- göngustígur þverar hjólastíg
- Blönduð umferð í anda vistgötu
gangandi, hjólandi og akandi umferð jafn réttá
- græn svæði / útivistarsvæði til sérstakra nota
- náttúrulegt holt, holtagrjót og sjálfsáinn gróður
lágmarksröskun náttúrulegs landslags
- hverfisvernd
- fríðlyst náttúruverndarsvæði
- strandlína
- sjór og vötn
100m frá fríðlystum minjum, 8m frá fríðuðum minjum
- náttúruleg strönd
- náttúrulegur strandbakki
- manngerður varnargarður / grjótgærdur
- byggingarreitur
- götukantur
- niðurtekinn götukantur
- Helstu stofnlagnir fráveitu í sjó
lega skv. lötlutækum grunnum veitufyrirtækja
- brú / göng
- 1m hæðarlínur skv. landupplýsingakerfi Kópavogs

KORTASKÝRINGAR UTAN SKIPULAGSSVÆDIS

- lóðir og lóðarmörk
skv. teikningrunni Kópavogs 2023
- byggingar
skv. landupplýsingakerfi Kópavogs við staðfestingu skipulags
- græn svæði / opin svæði utan skipulagssvæðis
skv. teikningrunni, samþykktu skipulagi og loftmyndum
- akbraut og götukantur
skv. teikningrunni
- gangstétt / stígar
skv. teikningrunni Kópavogs og loftmyndum



SKIPULAG Í VINNSLU

TILLAGA TIL FORKYNNINGAR
skv. 3. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010

SAMÞYKKT OG STAÐFESTING

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. Tillagan var auglýst frá dd. mmmm 2026 til dd. mmmm 2026. Tillagan var samþykkt

í skipulagsráði Kópavogs þann _____ 2026

og í bæjarstjórn Kópavogs þann _____ 2026.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt

í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2026.

Skipulagsgögn:
Tveir skipulagsupprættir og greinargerð á tveimur A2 blöðum og einn skýringaruppráttur.

Kortagrunnar:
Skipulagssvæði og nágrenni:
Landupplýsingakerfi Kópavogs SHAPE gögn september 2022

Hnitakerfi: ISN93 Kvarði: 1:750 (A1) ONE 2103759

2			
1	3.11.2025	Skipulagsdreg til forkynningar	Forkynning
Útg.	Dags.	Tíðni	Staða

VSÓ RÁÐGJÖF

Teikning: 22014 Stígur um sunnanvert Kársnes.vss Dagsetning: 31.10.2025

Skipulag: OG Yfirfarið: og



Skjal sött af '0000-0000' dags: 19.08 2026